



Sam 105/97 PS/RH

Reykjavík, 28. febrúar 1997

**Umsögn um frumvarp
til laga um varnir gegn
snjóflóðum og skriðuföllum.**

Alþingi

Erindi nr. Þ 121 / 1987

komudagur 4 / 13 1997

Á fundi stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga þann 28. febrúar sl. var tekið fyrir bréf umhverfisnefndar Alþingis, dags. 4. febrúar 1997, þar sem óskað er umsagnar um frumvarp til laga um varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum.

Samþykkt var eftirfarandi umsögn:

„Í 4. gr. frumvarpsins þar sem fjallað er um hættumat kemur fram að hættumat skuli fyrst og fremst ná til þéttbýlis. Stjórnin telur eðlilegt að hættumat nái til allrar byggðar innan marka þeirra sveitarfélaga sem hættumat er gert fyrir og leggur til að breyting þess efnis verði gerð á frumvarpsgreininni.

Jafnframt ítrekar stjórnin þá skoðun sína að eðlilegt væri að bygging varnarvirkja greiðist að fullu af Ofanflóðasjóði en ekki að 90% hluta eins og fram kemur í 13. gr. frumvarpsins. Réttur sveitarfélaganna til lántöku úr Ofanflóðasjóði og endurgreiðslureglur sbr. 13. gr. frumvarpsins koma verulega til móts við það sjónarmið.

Um leið og þessum ábendingum er komið á framfæri leggur stjórnin þunga áherslu á að afgreiðslu frumvarpsins verði hraðað enda er það mat stjórnarinnar að þær breytingar sem frumvarpið kveður á um séu allar til mikilla bóta”.

Virðingarfyllst,

Þóroddur Skúlason, framkvæmdastjóri

**Umhverfisnefnd Alþingis
Hr. Ólafur Örn Haraldsson, formaður
Alþingi
150 Reykjavík**